

Fundargerð

Fundur vegna undirbúnings að friðlýsingu Kerlingarfjalla

Fundur starfshóps þann 15. febrúar 2018, kl. 14:15-16:00

Fundarmenn:

Frá Hrunamannahrepp: Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Valgeirsson, Kolbrún Haraldsdóttir

Frá Skeiða- og Gnúpverjahrepp: Kristófer Tómasson, Skafti Bjarnason

Frá Umhverfisstofnun: Hildur Vésteinsdóttir, Jón Smári Jónsson, Kristín Linda Árnadóttir, Ólafur A. Jónsson

Markmið fundar

Að fara yfir fyrirhugaða friðlýsingu í Kerlingarfjöllum.

Fundarefni

Skipulagsmál

Fulltrúar Hrunamannahrepps greindu frá því að aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032 hafi tekið gildi. Í aðalskipulaginu er stefnumörkun fyrir hálendið og margt sem viðkemur friðlýsingu. Í skipulaginu er gert ráð fyrir friðlýsingu Kerlingarfjalla. Jafnframt kom fram að gert er ráð fyrir uppbyggingu skála á svæðinu í tengslum við hringleiðina um Kerlingarfjöll.

Deiliskipulag sem gert hefur verið fyrir Ásgarðssvæðið er í gildi og heldur gildi sínu.

Gildandi samningar í Kerlingarfjöllum

Fulltrúar Hrunamannahrepps fóru yfir gildandi lóðaleigusamning við Fannborg ehf. í Kerlingarfjöllum sem gerður var til 25 ára á grundvelli þjóðlendulaga. Þá hefur sveitarfélagið einnig gert samning við Fannborgarmenn um umsjón með svæðinu. Umræður um samningana.

Framkvæmdir í Ásgarði og mat á umhverfisáhrifum

Umræður um framkvæmdir í Ásgarði og skilgreiningu á því hvaða starfsemi samræmist skilgreiningu á hálendismiðstöð sbr. Landsskipulagsstefnu.

Leyfi Fannborgar til byggingaframkvæmda í Ásgarði var ekki felld niður heldur voru framkvæmdir stöðvaðar þar til umhverfismat liggur fyrir í kjölfar kæru. Farið var yfir drög að frummatsskýrslu og þá kosti sem lagðir eru fram, en með Hálendismiðstöð í Kerlingarfjöllum er stefnt að því að bjóða upp á fjölbreytta gistingu. Umræður um að leiða mætti líkur að því að ekki sé hægt að skilgreina gistinguna sem hótलगistingu þar sem gististaðurinn mun að öllum líkindum ekki uppfylla öll ákvæði sem kveðið er á um að hótél skuli bjóða upp á í lögum.

Farið var yfir og rætt um þá fjóra kosti sem lagðir eru fram í frummatsskýrslu. Umræður um að móta þurfi heildar stefnumörkun fyrir svæðið í Ásgarði þar sem m.a. komi fram heildarútlit svæðisins og stefna í útliti innviða.

Frummatsskýrslan er í ferli hjá Skipulagsstofnun.

Friðlýsingarskilmálar

Umræður um mögulegar breytingar á mörkum svæðisins á þann hátt að Ásgarðssvæðið yrði utan hins friðlýsta svæðis. Niðurstaðan var sú að Ásgarður skyldi vera innan svæðisins þar sem svæðið er mikilvægur hluti af heildarmynd svæðisins og að flestir gestir sem heimsækja Kerlingarfjöll komi í Ásgarð. Það sé þó mikilvægt að móta heildræna stefnu um uppbyggingu í Ásgarði og að um það sé skýrt kveðið á í friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið. Eins þarf að skerpa á reglum innan Ásgarðssvæðisins hvað má og hvað ekki. Að öðru leyti voru fundarmenn sáttir við drög að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið.

Uppfæra þarf kort af svæðinu þar sem mörkum er breytt lítilsháttar til að ekki verði skörun við friðland í Þjórsárverum.

Fjármagn og landvarsla

Umræður um fjármagn og landvörslu á svæðinu. Yfirfara þarf kostnaðarmat og framkvæmdaplan sem gert var á sínum tíma og sent ráðuneytinu. Stefnt er að landvörslu á svæðinu í að minnsta kosti 8 vikur auk sérfræðings. Landvarslan verður samkeyrð með Hveravöllum, en vilji Umhverfisstofnunar er að starfsmaður hafi aðsetur á svæðinu og hefur áhuga á að koma upp aðstöðu þar.

Næstu skref

Ákveðið að næstu skref í málinu yrðu að beðið eftir niðurstöðu Skipulagsstofnunar um skýrsluna. Þegar niðurstaða Skipulagsstofnunar liggur fyrir munu sömu aðilar hittast aftur og móta stefnu fyrir Ásgarðssvæðið. Verða fulltrúar Fannborgar boðaðir á þann fund.

